# ÁHUGASVIÐIN SEX

## JOHN HOLLAND

### HANDVERKSSVIÐ

**e. realistic**

*Einstaklingar með mikla hreyfigreind og færni til að vinna með vélhluti, vélar, hluti, verkfæri, plöntur eða dýr eða vera utandyra.*

### Vísindasvið

**e. investigative**

Einstaklingar sem vilja læra, rannsaka, greina, meta eða leysa vandamál með vísindalegum aðferðum og beita rökhugsun. Þeir vilja vinna sjálfstætt í störfum sem krefjast einbeitingar.

### Listasvið

**e. artistic**

*Einstaklingar með listræna hæfileika, eru hugmyndaríkir, með gott innsæi og vilja vinna í ómótuðu umhverfi með sköpunargáfu sína.*

### Félagssvið

**e. social**

Einstaklingar sem eru félagsgreindir og líkar að vinna með fólki að upplýsa, hjálpa, þjálfa, þróa eða lækna og eru færir í að tjá sig í orðum eða gjörðum.

### Athafnasvið

**e. enterprising**

Einstaklingar sem líkar að vinna með öðrum, hafa áhrif, koma fram, stjórna eða leiða hópa vegna málefna eða efnahagslegra ástæðna.

### Skipulagssvið

**e. conventional**

Einstaklingar sem vilja vinna með gögn, eru með talnagreind, eru nákvæmir t.d. í bókhaldi, líkar að hafa ramma og fara eftir fyrirmælum annarra.


**Heimildir:**

Heiða Björk Elísdóttir. (2017). *Fyrirlögn áhugasviðskönnunarinnar Í leit að starfi með eða án faglegrar aðstoðar ráðgjafa.* (Óbirt MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf). Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Sótt af: http://hdl.handle.net/1946/1966.

Sharf, R. S. (2010). *Applying career development theory to counseling.* Bandaríkin: Brooks/Cole, Cengage Learning.